

Það er reyndar algjör óþarfi að fara út í frammistöðu einstakra hljóðfærleiðara hér, þeyr eiga eitt sánd, og það er gott.

Svo var hlé, og í hlénu komu fram nýlistarnemar, og höfðu í frammi athafnir af þeirri gerðinni sem ég hef aldrei skilið til hvers eru, en það er nú ekki þeim að kenna, að minnsta kosti virtust þeir skemmta sér mjög vel sjálfir.

Nú þeyr komu aftur og þegar tónleikunum lauk rúmlega eitt höfðu þeir leikið um 20 lög, langmest frumsamið og aðeins 4 þeirra er að finna á plötunni, og þá hlýtur restin að vera nýtt efni. Borgin var ágætlega full, og þey var mjög vel tekið.

Ef hægt er að finna að einhverju þá er það einna helst það að ef textinn hefur átt að skiljast, þá verður að gera eitthvað í því, annars fundust mér hljóðin í söngvaranum falla ágætlega að hljómlistinni, og ég saknaði þess ekkert að skilja ekki textann. Niðurstaðan hlýtur þá að vera sú að hér sé á ferðinni helvíti góð grúpa sem á með sama áframhaldi eftir að gera það gott, og auðga tónlistarlíf höfuðborgarinnar. AH

ÓVÆNTAR HLÍÐAR

Það hlýtur að teljast til merkari listviðburða, þegar slík einkasöfn eins og málverkasöfn Grethe og Ragnars Asgeirssonar, birtast sjónum almennings. Á Kjarvalsstöðum (Kjarvalssal), hanga 153 myndir sem allar bera vott um fádæma smekkvísi og listrænt innsæi þessara hjóna. Enn er fólki í fersku minni, gjöf Sværris í Sjóklæðagerðinni og konu hans, á stóru einkasafni til Háskóla Íslands.

Líkt og nafni hans Jónsson í Smára, Markús Jónsson í Héðni og Sværris, virðist Ragn-

eignast. Segja má að hér birtist ný hlið á listamanninum sem miður er þekkt. Það er ekki Kjarval Þingvalla, heldur miklu fremur Kjarval Útlandanna, álheimanna og fantasiunnar. Hvergi hef ég séð samansafn verka eftir málaraðann sem varpa jafn skýru ljósi á vinnubrögð hans, hugmyndaheim og tengsl við stefnur sem höfðu áhrif á hann. Hér er fjölbærni og fjölbreytileiki hans enn greinilegri en áður og það sem mestu varðar, lífskraftur og áræði skín út úr þessum myndum.

Það væri fásinna að taka eitt verk fremur en annað til dæmis, svo mörg eru ágætis-



Myndlist


eftir Halldór Björn Runólfsson

ar Asgeirsson sem leikmaður, hafa haft sjötta skilningarvitið til að bera í skynjun á myndlist. Það er raunar einstakt að garðyrkjumaður, smjörlikisframleiðandi, járnsmiður og sjóklæðagerðarmaður skuli vera okkar Durand-Ruel og Ambroise Vollard (þekktustu listaverkakaupmenn í byrjun aldarinnar). Það sýnir glögg þann virka þátt sem leikmenn hafa spilað í íslenskrum listasögu og þreytist ég seint á að benda á kosti slíkrar framvindu, þegar fagmennskan er að þrængja leið listanna til almennings.

Það er ekki ósögum sagt að þessi sýning á einkasafni Grethe og Ragnars varpi nýju ljósi á ýmislegt sem listunendur héldu að þegar væri þeim opin bók. Hér á ég við hið mikla safn mynda eftir Jóhannes S. Kjarval sem þau hjónin hafa

verkin. Einnig má sjá feila, myndir sem ekki hafa tekist. En eins og hef áður bent á, skaut Kjarval þannig yfir markið að ekki er annað hægt en dást að framtakinu, hversu misheppnuð sem tilraunin kann að hafa verið. Á þessari sýningu eru fáar slíkar myndir.

Svipað og áður hefur verið sagt um Kjarval, má segja um þær myndir sem eftir Gunnlaug Scheving eru. Þær eru flestar smáar og ólíkar hinum gromair isku sjómanna myndum hans sem þrýða stofnanir borgarinnar. Utan nokkurra undirbúningsteikninga, eru flest málverkin ummin með lausri og blæbrigðaríkri tækni í anda þýsk-fransks expressjónisma sem ósjaldan minnir á de Vlaminck. Þetta eru eldri verk en menn eiga að venjast eftir Gunnlaug, þótt einnig séu margar skissur



„Á Kjarvalsstöðum hanga 153 myndir sem allar bera vott um fádæma smekkvísi og listrænt innsæi þessara hjóna,“ segir Halldór Björn um sýninguna á einkasafni Grethe og Ragnars Asgeirssonar.

Ljóðin úr leikritunum er svölitið sér á parti og stinga í stúf við önnur ljóð bókarinnar. Þau sýna hins vegar enn eina hlið á skáldskap Sigurðar og þó þau séu einna síst ljóðanna í þessari bók finnst mér gaman að því að hafa þau með.

Ljóð vega menn (eða ljóðvegarnir) er bók sem sýnir glögg að höfundurinn hefur þroskast og eflst í list sinni frá því að fyrsta bók hans kom út. Hann er óhræddur við að láta óbeislað hugarflug njóta sín á pappírnum um leið og öflugt vald á tungumálinu kemur í veg fyrir að allt fari úr böndum. Þessi bók er áfangi á leið athyglisverðs skálds og hún er einnig skemmtileg og forvitnileg í sjálfu sér.

G.Ast.

NYJA BÍO
1-15-44

BRUBAKER

The most wanted man in Wakefield prison is the Warden.

Fangaverðirnir vildu nýja fangelsisstjórann feigan. Hörkumynd með hörkuleikurum, byggð á sönnum atburðum. Ein af bestu myndum ársins, sögðu gagnrýnendur vestanhafs.

Adalhlutverk: **ROBERT REDFORD**, Yaphet Kotto og Jane Alexander.
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.
Bönnuð börnum. Hækkað verð.

REGNBOGINN
19 000

salur A ————— salur B —————

Filamaðurinn

THE ELEPHANT MAN

Stórbrotin og hrifandi ný ensk kvikmynd, sem nú fer sigurför um heiminn. Mynd sem ekki er auðvelt að gleyma.
Anthony Hopkins - John Hurt o. m. fl.
Íslenskur texti
Sýnd kl. 3-6 9 og 11.20
Hækkað verð

salur C ————— salur D —————

Hershöfðinginn

með hinum óviðjafnanlega Buster Keaton.
Sýnd kl. 3.10 -5.10-7.10-9.10-11.10.

Hvað varð um Rod fránu?

Spennandi og skemmtileg bandarísk litmynd, með Shelly Winters o.m.fl.
Bönnuð innan 16 ára.
Íslenskur texti
Endursýnd kl. 3.15 - 5.15 - 7.15 - 9.15 - 11.15

frá Grindavík sem þekktari eru sem olíumálverk.

Eftir Asgrim Jónsson eru fimm málverk. Mest ber á stórri afgangi Hornafjarðarmynd forkunnarfagurri, máladrí með daufum vatnslita- dráttum. Merkgilegust finnst mér þó „Mara“, mynd sem máluð er 1905 í anda rómantískrar þjóðsagnadýrkunar. Hér er ekki ólíkur andi og finna má í hinu fræga málverki Fusslis, Martröð. Þó er mynd Asgrims ólíkt einfaldari og íslenskar, máluð með dökkum litum raun- sæismálverksins.

Einna erfiðast gengur mér að skilja inntakið í verkum Höskuldur Björnssonar, en hann á hér allstóran skerf. Gildi þessara æðarfugla er mér gjórsamlega hulið. Svo er og um myndir Guðmundar frá Miðdal og Jóhannesar Larsen. Slíkar myndir er ágæt að hengja við hliðina á J.S. Kjarval. Um ætingarmynd Rembrandts „Kristur læknar sjúka“ er það að segja, að hún er í flokki frægustu grafíkverka listamannsins, ásamt Krossunum prem frá 1653 (Þjóðarbókhlöðunni í París) og má telja það einstakt að eintak af þessari mynd skuli hafa komist í eigu þeirra hjóna.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður að teljast mikill sömi minningu þessara heidurshjóna. Sýningarskrá er vönduð.

LAUGARASBÍO

Símsvari sími 32075.

Brjáláðasta blanda sýna nitro og gylsírini var blandað saman. **The Blues Brothers** JOHN BELUSHI DAN AYKROYD

Blús bræðurnir

Ný bráðskemmtileg og fjörug bandarísk mynd þröngin skemmtilegheitum og uppátækjum bræðranna. Hver man ekki eftir John Belushi í „Delta Klíkunn“.

Ísl. texti.
Leikstjóri: John Landis.
Aukahlutverk: James Brown, Ray Charles og Aretha Franklin.
Sýnd kl. 5, 7.30 og 10.
Hækkað verð.

AUSTURBEJARBÍO

1-13-84

Nú kemur „langbestsótt“ Clint Eastwoodmyndin frá upphafi:

Viltu slást?
(Every Which Way But Loose)

Hörkuspennandi og bráðfyndin, ný, bandarísk kvikmynd í litum.
Adalhlutverk: Clint Eastwood, Sandra Locke og apinn Clyde
Ísl. texti.
Bönnuð innan 12 ára.
Myndin sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.15.
Hækkað verð.

BORGARBÍO
SMÍÐJUVEGI 1, KÖP. SÍMANN 43500
(Útvegebankahúsinu austant í Kópavogi)

H.O.T.S.

Some like it H.O.T.S.

H.O.T.S. Það er fullt af fjöri í H.O.T.S. Mynd um menntskælinga sem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Mynd full af glappaskotum innan sem utan skólaveggjanna. Mynd sem kemur öllum í gott skap. Leikstjóri: Gerald Sindell.
Adalhlutverk: Lisa London, Pamela Bryant.
Íslenskur texti.
Sýnd kl. 5 og 7.

Rúnturinn

endursýnd í örfáa daga kl. 9 og 11.
Íslenskur texti.

HÁSKÓLABÍO

2-21-40

Laugardagur:

Heaven can wait

Endursýning þessa úrvalsmynd, en aðeins dag, laugardag, það eru því stöðugt forvöð að sjá myndina.
Sýnd kl. 3, 5, 7 og 9.

Sunnudagur:

Sjú sem segja sex (Fantastic seven)

Spennandi og viðburðarík hasarmynd.
Adalhlutverk: Britt Ekland, Christopher Lloyd, Christopher Connelly.
Bönnuð innan 14 ára.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

Barnasýning kl. 3

Marco Polo

Teiknuð ævintýramynd.

Mánudagsmyndin:

Picture Showman

Sýnd kl. 5, 7 og 9
SÍÐASTA SINN.

STJÖRNUBÍO

1-89-36

Greifarnir (The Lords of Flatbush)

Íslenskur texti
Bráðskemmtileg, spennandi og fjörug ný amerísk kvikmynd í litum um vandamál og gleðistundir æskunnar.
Adalhlutverk: Perry King, Sylvester Stallone, Henry Winker, Paul Mace.
Sýnd kl. 5, 9 og 11.

Midnight Express

Heimsfræg verðlaunakvikmynd
Sýnd kl. 7